

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 15. október 2024

Mál nr. E-322/2024:

A

(Hrafnkell Oddi Guðjónsson lögmaður)

gegn

Reykjavíkurborg og Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Telma Sif Reynisdóttir lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 19. september 2024, höfðaði A, [...], með stefnu birtri 15. janúar 2024, á hendur Reykjavíkurborg, [...], og Vátryggingafélagi Íslands hf., [...], til viðurkenningar á skaðabótaskyldu.
- Stefnandi gerir þá dómkröfu að viðurkennd verði með dómi in solidum skaðabótaskylda stefndu Reykjavíkurborgar og Vátryggingafélags Íslands hf. vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í slysi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Reykjavík 28. desember 2019. Þá er þess krafist að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda. Auk þess krefjast stefndu málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir

- Stefnandi slasaðist í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Reykjavík 28. desember 2019, þar sem hún var ásamt barnsföður sínum og dóttur. Voru þau að hennar sögn við leik við leikkastala með rennibraut í norðvesturhluta garðsins er dóttir stefnanda vildi prófa þar rennibraut. Stefnandi fylgdi dóttur sinni upp í leiktækið og að rennibrautinni. Ákvað hún svo að renna sér niður til þess að taka á móti dóttur sinni.
- Rennibrautinni sem um ræðir er lýst þannig í stefnu að efst sé hún brött, síðan aflíðandi, svo brött aftur og svo aftur aflíðandi rétt áður en hún endi. Þá segir að

rennibrautin hafi verið mjög blaut er slysið varð. Stefnandi hafi því runnið mun hraðar en hún hafi ætlað sér og tekist á loft við miðhluta rennibrautarinnar og skollið harkalega niður þegar hún lenti á neðsta hluta rennibrautarinnar.

- 6 Stefnandi fann að eigin sögn þegar fyrir verkjum frá mjóbaki og upp í hrygginn. Var hún flutt með sjúkrabifreið á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, þar sem í ljós kom að hún hafði hlotið samfallsbrot á brjóshryggjarbol.
- 7 Stefnandi hlaut varanlegt líkamstjón vegna slyssins samkvæmt matsgerð B bæklunarskurðlæknis, sem stefnandi aflaði í þeim tilgangi að leggja hana fram til grundvallar bótauppgjöri úr persónulegri frítímaslysaftryggingu stefnanda. Stefnandi benda þó á að afleiðingar slyssins hafi einungis verið metnar einhliða af stefnanda.
- 8 Í málinu er gerð krafa um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefndu, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi Reykjavíkurborg, sem á og rekur Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, var á slysdegi með ábyrgðartryggingu hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. (hér eftir nefnt VÍS).
- 9 Telur stefnandi að slys hennar megi rekja til saknæmrar og ólögmetrar háttsemi starfsmanna Reykjavíkurborgar, þar sem merkingar hafi meðal annars verið í ólagi og þeir ekki sýnt af sér þá aðgæslu sem tilhlýðileg hafi verið. Þá hafi verið gerðar breytingar á rennibrautinni eftir umrætt slys. Því mótmæla stefndu. Þá gera stefndu þann fyrirvara að lýsingar á málsatvikum komi frá stefnanda sjálfri.
- 10 Með ábyrgðarbréfi, dagsettu 8. nóvember 2021, var óskað eftir afstöðu embættis borgarlögmanns til skaðabótaskyldu vegna slyssins. Með bréfi stefnda VÍS, dagsettu 25. nóvember 2021, var bótaskyldu hafnað. Stefnandi skaut þeirri niðurstöðu til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum 27. maí 2022. Með úrskurði nefndarinnar 7. júlí 2022, í máli nr. 167/2022, var komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu stefnda Reykjavíkurborgar hjá stefnda VÍS.
- 11 Stefnandi getur ekki sætt sig við niðurstöðu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Segist hún vera nauðbeygð til að höfða dómsmál til viðurkenningar á skaðabóta-ábyrgð stefndu á líkamstjóni hennar vegna slyssins. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 25. nóvember 2022, fékk hún gjafsóknarleyfi fyrir málshöfðuninni.

Helstu málsástæður stefnanda

- 12 Stefnandi byggir kröfur sínar á því að skilyrði sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð séu uppfyllt. Líkamstjón hennar megi rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi stefnda Reykjavíkurborgar og starfsmanna hennar. Við mat á sök stefnda Reykjavíkurborgar beri að hafa hugfast að um sé að ræða leiktæki í garði, sem sé í eigu og rekinn af stjórnvaldi, sem leiði til þess að sakarmatið sé sérlega strangt.
- 13 Stefnandi byggir á því að það sé alls ekki óvenjulegt að foreldrar fylgi börnum sínum upp í leiktæki og renni sér niður rennibrautir á undan börnum sínum, til að taka á móti þeim. Hafi foreldrar enda öryggi barna sinna í fyrirrúmi. Þetta hefði stefndi Reykjavíkurborg mátt vita. Ef leiktækið hefði einungis verið ætlað börnum og ekki fullorðnum hefðu átt að vera merkingar þar um á leiktækinu. Engar slíkar merkingar hafi verið á leiktækinu og því engin ástæða verið fyrir stefnanda til að ætla að henni væri óheimilt að leika sér í leikkastalanum með barni sínu.
- 14 Þá bendir stefnandi á að almenningur þurfi að greiða aðgangseyri til þess að komast inn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Þegar almennur borgari greiði sig inn í afgirtan garð, sem rekinn sé af stjórnvaldi og ætlaður til skemmtunar fyrir fjölskyldur, megi hann vænta þess að gestum stafi ekki hætta af notkun leiktækja. Sé borgarinn enda að greiða eiganda tækisins fyrir tímabundinn aðgang að því. Með öðrum orðum megi borgarinn gera ráð fyrir því, og gera kröfu um, að ítrasta öryggi sé framfylgt í garðinum og tækjum hans, enda starfi þar starfsfólk sem eigi að tryggja öryggi gesta. Þetta segir stefnandi vera grundvallaratriði í málinu, sem aðgreini þennan leikkastala frá öðrum sem standi á venjulegum leikvöllum sem opnir séu öllum án greiðslu. Slíkir leikvellir hafi enga starfsmenn til að tryggja öryggi notenda þeirra og kalli því á aukna aðgæslu þeirra sem þá nota.
- 15 Er byggt á því að stefnandi hafi mátt gera ráð fyrir því að (1) hún mætti leika sér í leiktækinu með dóttur sinni, enda engar merkingar um annað, og (2) að ítrasta öryggi á og í kringum leiktækið væri tryggt, enda hafi stefnandi greitt aðgangseyri að garðinum, þar sem starfsfólk starfaði við að tryggja öryggi gesta. Raunar hafi hún mátt gera auknar kröfur til öryggis þar sem Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn standi á fasteign/landi, sem sé í eigu opinbers aðila. Af dómafordæmum megi sjá að skyldur fasteignaeigenda við slíkar aðstæður séu ríkar og sakarmatið mjög strangt.

- 16 Stefnandi byggir á því að aðstæður og öryggi við og á leiktækinu hafi ekki verið með þeim hætti sem stefnandi hafi mátt gera kröfu til, vegna gáleysis starfsmanna stefnda Reykjavíkurborgar. Það hafi valdið slysi stefnanda. Rígt hafi nokkru fyrir slysið og rigningardropar, sem sést hafi illa, hafi gert rennibrautina sleipari og hættulegri með tilheyrandi slyshættu. Hefðu starfsmenn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins átt að sjá hættuna fyrir og þurrka rennibrautina, eða hreinlega loka tækinu á meðan ekki var unnt að tryggja öryggi notenda. Af myndum að dæma virðist sem engar öryggisráðstafanir hafi verið gerðar á tækinu þrátt fyrir snjókomu, slabb og rigningu, þvert á 1. mgr. III. viðauka reglugerðar nr. 942/2002, sem kveður á um reglubundna yfirlitsskoðun leiktækja eftir þörfum.
- 17 Stefnandi byggir á því að það hafi verið á ábyrgð starfsmanna stefnda Reykjavíkurborgar að greina hættueiginleika leiktækisins, ekki stefnanda. Sér í lagi hefðu starfsmennirnir átt að gera sér grein fyrir hættunni, þar sem áður höfðu orðið slys á leiktækinu.
- 18 Stefnandi byggir og á að kröfur gr. 12.10.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 um öryggi á leiksvæðum og í kringum leiktæki séu ekki uppfylltar, sbr. og eldri reglugerð um sama efni. Í ákvæðinu segir að „[l]eikvallatæki [skuli] þannig gerð og frágengin að ekki skapist hætta á slysum við notkun þeirra“. Mikil slyshætta hafi skapast á og við greint leiktæki. Af hálfu stefnanda er einnig á því byggt að leik-kastalinn og aðstæður á og við hann hafi ekki uppfyllt kröfur reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002 og viðauka hennar.
- 19 Stefnandi vísar til þess að samkvæmt dómafordæmum Hæstaréttar Íslands sé unnt að líta til viðurkenndra leiðbeiningarsjónarmiða um sök, þ.e. í fyrsta lagi hve mikil hætta hafi verið á því að tjón yrði af þeirri háttsemi sem um ræði, í öðru lagi hve mikið tjón hafi verið líklegt að af henni leiddi, í þriðja lagi hve auðvelt eða erfitt hafi verið fyrir tjónvald að gera sér grein fyrir hættu á tjóni og í fjórða lagi hvaða ráðstafanir hafi verið unnt að gera til að koma í veg fyrir tjón. Sök stefnda Reykjavíkurborgar sé sérlega skýr að mati stefnanda þegar litið sé til framangreindra sjónarmiða.
- 20 Byggir stefnandi á því að því fylgi að sjálfsögðu mikil hætta að hafa rennibrautir blautar, sér í lagi rennibraut af þeirri tegund sem um ræði í þessu máli. Þá skapist sú hætta að notendur rennibrautar, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna, renni

töluvert hraðar en ætlað er, þannig að þeir takist á loft í töluverðri hæð og lendi svo harkalega á neðsta hluta rennibrautarinnar eða á jörðinni.

- 21 Í öðru lagi sé ljóst að mikið og alvarlegt tjón geti hlotist af þeirri háttsemi að hafa rennibrautir af þeirri tegund sem um ræði í þessu máli sleipar. Þegar rennibrautir, sem séu aflíðandi í miðjunni, verði blautar skapist hætta á alvarlegum slysum, líkt og stefnandi hafi lent í.
- 22 Í þriðja lagi hefði verið mjög létt fyrir Reykjavíkurborg að gera sér grein fyrir þeirri miklu hættu sem fylgdi rennibrautinni. Í því sambandi er bent á að slys höfðu áður átt sér stað í greindri rennibraut. Auk þess hafi stefndi Reykjavíkurborg selt aðgöngumiða að garðinum, þar sem starfsfólk hafi verið við störf við að tryggja öryggi gesta, eða hefði a.m.k. átt að gera það. Hefði starfsfólk stefnda Reykjavíkurborgar því átt að sjá hættueiginleika leiktækisins fyrir.
- 23 Í fjórða lagi hafi verið mjög auðvelt fyrir stefnda Reykjavíkurborg að koma í veg fyrir líkamstjón stefnanda. Þannig hefði verið auðvelt að loka rennibrautinni í rigningu og snjókomu, þurrka af henni eftir rigningu og snjókomu, eða að setja upp skilti sem varaði fólk við að renna sér í rigningu og snjókomu. Aukinheldur hefði stefndi Reykjavíkurborg átt að tilgreina að rennibrautin væri einungis ætluð börnum, t.d. með því að setja upp skilti þar um.
- 24 Stefnandi hafnar því að hún hafi sýnt af sér aðgæsluleysi þegar hún fór upp í leiktækið og renndi sér niður rennibrautina á undan dóttur sinni. Eins og fyrr segi hafi engar merkingar verið um að tækið væri einungis ætlað börnum. Þá sé alls ekki óvenjulegt að foreldrar leiki við börn sín í leiktækjum og stefnandi hafi fyrst og fremst hugsað um öryggi og heilsu dóttur sinnar.

Helstu málsástæður stefndu

- 25 Stefnu vekja athygli á því að sá einstaklingur sem í stefnu er sagður vera fyrirsvarsmaður stefnda VÍS sé það ekki og hafi ekki verið þegar málið var höfðað á hendur VÍS 15. janúar 2024.
- 26 Þá er vakin athygli á því að aðild VÍS sé ekki skýrð í stefnu. Hins vegar sé gert ráð fyrir því að aðild stefnda VÍS byggist á 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. VÍS sé váttryggjandi Reykjavíkurborgar sem hafi verið með

- ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá VÍS, meðal annars vegna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.
- 27 Stefnu gera athugasemdir við að gerð sé skaðabótakrafa á hendur VÍS en ekki krafa úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar. Ljóst sé að VÍS verði ekki gert skaðabótaskyldt vegna meintrar saknæmrar háttsemi Reykjavíkurborgar eða starfsmanna hennar. Þá verði VÍS ekki talið hafa sýnt af sér saknæma háttsemi.
 - 28 Stefnu hafna því að stefndi Reykjavíkurborg eða starfsmenn hennar hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í greint sinn. Kröfur stefnanda byggist á því sem kallað er reglufest saknæmi. Í því sambandi sé vert að áréttta að greina verði með skýrum hætti á milli ákvæða laga og skráðra háttæmisreglna, sem mæla fyrir um markmið eða stefnumið annars vegar, og sértækari ákvæða, sem mæla fyrir um að tiltekin breytni sé rétt eða ámælisverð. Það teljist ekki brot á lögum eða reglum þó að markmiðum hafi ekki verið náð í einstaka tilvikum.
 - 29 Stefnu byggja á því að það sé óumdeilt að ekki sé unnt að byggja saknæmi á stefnumiðum reglugerðarákvæða einum saman, enda væri ábyrgðin þá í reynd hlutlæg. Það ákvæði byggingarreglugerðar sem stefnandi byggir á sé markmiðsákvæði. Ákvæðið hafi ekki að geyma neinar leiðbeiningar eða viðmið sem saknæmi verði byggt á, heldur tiltaki það aðeins að öryggi og aðgengi notenda verði sem best tryggt, og leikvallatæki þannig gerð og frágengin, að ekki skapist hætta á slysum við notkun þeirra. Ákvæðið mæli fyrir um að nánar skuli fjalla um öryggi leikvallatækja og leiksvæða með reglugerð (þ.e. þágildandi reglugerð nr. 942/2002). Ákvæðum þeirrar reglugerðar hafi verið fylgt í einu og öllu.
 - 30 Stefnu byggja á að leikkastalinn hafi verið merktur þeim aldri sem hann hafi verið ætlaður. Á kastalanum hafi mátt finna að minnsta kosti þrjár merkingar, í grænum áberandi lit, bæði hjá rennibrautinni sjálfri og á öðrum stöðum á leikkastalanum, sem rennibrautin sé áföst við. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 942/2002 skuli leikvallatæki merkt „hvaða aldri þau eru ætluð þar sem það á við“. Hafi það verið gert í þessu tilviki enda tiltekið á þremur merkingum: „Þessi kastali er ætlaður börnum, 3 ára og eldri.“
 - 31 Byggja stefnu á því að samkvæmt hefðbundinni málvenju verði merkingin ekki skilin á annan veg en að tækið sé einmitt ætlað börnum á tilteknum aldri, en ekki fullorðnum. Barn sé almennt talið hver sá einstaklingur sem ekki hafi náð 18 ára

- aldri, sbr. 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og ákvæði lögræðislaga nr. 71/1997.
- 32 Þá telja stefndu að það geti engum dulist að umrætt tæki, sem augljóslega sé hannað og ætlað börnum, sé ekki ætlað fullorðnum. Þannig hefði það ekki skipt máli þótt engin merking hefði verið á leikkastalanum eða þar í kring. Það eigi að vera öllu fullorðnu fólki ljóst að rennibrautir séu aðallega gerðar fyrir börn, nema þær séu sérstaklega gerðar og auglýstar fyrir fullorðið fólk. Stefnandi hefði því átt að átta sig á því að rennibrautin var ætluð börnum en ekki fullorðnum.
- 33 Stefndu vísa til þess að tilgangur framangreinds ákvæðis reglugerðar nr. 942/2002 sé að vernda smábörn yngri en þriggja ára frá því að fara sér að voða. Krafa um merkingar sé sett fram til að árétta fyrir forráðamönnum þeirra að gæta að því að þau noti ekki tæki sem þeim séu ekki ætluð, þar sem þau beri ekki sjálf skynbragð á það. Gera verði ráð fyrir því að fari fullorðnir í leiktæki, sem ekki eru ætluð þeim eða hönnuð með notkun þeirra í huga, fari þeir á eigin ábyrgð og áhættu og sýni aðgæslu í samræmi við þroska og aldur.
- 34 Stefndu byggja á því að leikkastalinn hafi uppfyllt þær kröfur sem gerðar séu til öryggis leikvallatækja í öryggisstaðlinum ÍST EN 1176, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 942/2002. Í 1. mgr. 9. gr. komi fram að þeir sem flytji inn leikvallatæki hér á landi skuli geta sýnt fram á að viðkomandi tæki uppfylli kröfur sem fram komi í stöðlum um leikvallatæki og undirlag þeirra, svo sem ÍST EN 1176. Óhappið hafi átt sér stað í rennibraut sem sé hluti af „klifurskipi“ frá finnska leiktækjaframleiðandanum Lappset. Leiktækið sé framleitt undir vörumerkingunni Santa Maria og hannað og samþykkt til notkunar fyrir börn, þriggja ára og eldri. Það sé vottað samkvæmt gildandi reglum með evrópska öryggisstaðlinum 1176-1 og 1176-3, sem notaður sé um alla Evrópu og taki til öryggis og aðbúnaðar leiktækja ætlaðra börnum. Reykjavíkurborg hafi samkvæmt því uppfyllt skilyrði 9. gr. reglugerðarinnar.
- 35 Stefndi byggir á því að aðstæður á slysdegi falli ekki undir „hættur“ í skilningi 1. mgr. III. viðauka reglugerðar nr. 942/2002. Stefndu mótmæla því að starfsmenn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins hafi átt að líta á rigningardropa sem hættu, og þurrka rennibrautina eða loka henni á meðan á úrkomu stóð. Þá mótmæla þeir því að brotið hafi verið gegn ákvæðum III. viðauka reglugerðar nr. 942/2002 um „reglubundna yfirlitsskoðun“. Reglubundin yfirlitsskoðun sé skilgreind í reglugerðinni sem

- „skoðun sem ætlað er að greina augljósa hættu sem meðal annars má rekja til skemmda, notkunar eða veðurs“.
- 36 Stefnu vilja koma því á framfæri að orðið „veðurs“ eigi við um veðurfar, en hér sé átt við „veðrun“. Fjallað sé um reglubundna yfirlitsskoðun í 1. mgr. III. viðauka reglugerðarinnar. Samkvæmt ákvæðinu sé tilgangur slíkrar skoðunar að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta sé hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður. Reglubundin yfirlitsskoðun felist einnig í að jafna yfirborðsefni undir leikvallatækjum með því að raka til mól og sand og sópa lausu efni af stéttum eftir þörfum. Þá skuli við reglubundna yfirlitsskoðun fjarlægja skemmd leikföng og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka bilaðan búnað úr umferð.
- 37 Byggja stefnu á því að ákvæðið víki í engu að kröfum um að greina hættu af rigningu eða snjó eða öðru veðurfari. Raunar sé mjög ítarleg upptalning á þeim hættum sem beri að greina. Eðli málsins samkvæmt sé enda ekki hægt að gera þá kröfu að starfsmenn í skemmtigarði líti á úrkomu eða rigningarvatn sem „hættu“ í þessum skilningi, enda þyrftu þeir þá annaðhvort að loka garðinum í hvert sinn sem rigndi eða strjúka bleytu af öllum tækjum í hverri rigningu eða annarri úrkomu. Það sé ómögulegt. Yrði fallist á málsástæðu stefnanda væri ábyrgðin því í reynd hlutlæg. Veðurfar á Ísland sé þekkt fyrir að vera óútreiknanlegt og með það ör tilbrigði að ekki verði séð hvernig starfsmenn ættu að geta hlaupið til í hvert skipti sem væta setjist á leikkastala eða rennibraut. Það gefi auga leið að sú skylda sem stefnandi telji að hvíla eigi á stefnda Reykjavíkurborg lúti að ómöguleika, enda sé hún hvergi fest í lög eða reglugerðir.
- 38 Þá segja stefnu að umrædd rennibraut sé ekki frábrugðin þeim leiktækjum sem almennt séu opin börnum um land allt. Hvorki fyrr né síðar hafi verið talin þörf á að Reykjavíkurborg eða önnur sveitarfélög hafi starfsmenn til að vakta rennibrautir og fylgjast með því hvort snjór eða úrkoma falli á þær.
- 39 Stefnu hafna því jafnframt að starfsmenn Reykjavíkurborgar hefðu átt að „greina hættueiginleika leiktækisins“ þar sem áður hefðu orðið slys á leiktækinu. Einungis eitt slys hafi verið skráð hjá Reykjavíkurborg, sem tengist rennibrautinni, á 24 ára tímabili eða síðan leiktækið var fyrst tekið í notkun. Verði að telja að slíkt bendi

einmitt til þess að rennibrautin sé fjarri því að vera haldin sérstökum „hættueiginleikum“.

- 40 Stefnu byggja á því að ekki séu gerðar kröfur í lögum um annars konar eftirlit þegar rennibrautir eru staðsettar í garði þar sem aðgangseyrir er greiddur. Hvergi í lögum og reglugerðum sé kveðið á um að gera skuli aðrar eða strangari öryggiskröfur á leiksvæðum með hefðbundnum leiktækjum þegar þau eru staðsett inni í skemmtigarði sem innheimtir aðgangseyri. Gjaldtakan skipti ekki nokkru máli við sakarmat vegna tjóns stefnanda. Aðgangseyrir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum sé eðlilegt fyrirkomulag, þar sem Reykjavíkurborg þurfi fjármuni til að standa straum af kostnaði, t.d. vegna dýraumönnunar í húsdýragarði og viðhalds á tívolítækjum sem gangi fyrir tækjabúnaði og krefjist stöðugar mönnunar. Rennibrautin sem um ræði sé aftur á móti hefðbundið barnaleiktæki, líkt og finna megi á leikvöllum víða um land. Það að rennibrautin sé staðsett inni í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, þar sem húsdýr og tívolítæki taki upp stærstan hluta garðsins, breyti heldur ekki eðli hennar sem hefðbundins, kyrrstæðs leikvallatækis.
- 41 Stefnu byggja á því að leiðbeiningarviðmið um sök sýni að málsástæður um saknæma háttsemi Reykjavíkurborgar séu ekki á rökum reistar. Málsástæða stefnanda um að því fylgi mikil hættu að hafa rennibrautir blautar, sér í lagi af þeirri tegund sem hér er um að ræða, sé að mati stefnu úr lausi lofti gripin. Væri það svo að almennt stafaði mikil hættu af bleytu í rennibrautum verði að ætla að löggjafinn hefði sett um það reglur. Umrædd rennibraut sé öryggisvottuð af framleiðanda, í samræmi við evrópska öryggisstaðla. Reykjavíkurborg hljóti að mega ganga út frá því að ef slík vottun fylgir frá framleiðanda rennibrautar sé tækið hannað þannig að ekki stafi af því alvarleg hættu ef á það sest bleyta.
- 42 Stefnu hafna öllum málsástæðum stefnanda um að skylda hafi hvílt á Reykjavíkurborg til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða vegna rigningarvatns í rennibrautinni. Taka verði mið af íslensku veðurfari, en úrkoma sé hér nánast allt árið um kring. Fólk á Íslandi megi búast við því og þekkja veðuraðstæður.
- 43 Stefnu byggja á því að orsakatengsl séu órökstudd og/eða ósönnuð. Stefnu hafna því að stefnandi hafi sýnt fram á eða á nokkurn hátt rökstutt að háttsemi eða athafnaleysi Reykjavíkurborgar, eða meint brot á tilgreindum reglugerðum, hafi leitt

- til líkamstjóns stefnanda. Hafna stefndu því þar af leiðandi að orsakatengsl séu á milli meintrar saknæmrar háttsemi og líkamstjóns stefnanda.
- 44 Stefndu byggja á því að um hafi verið að ræða óhappatilvik í skilningi skaðabóta-réttar, sem stefndu beri ekki sök á og ekki leiði til bótaábyrgðar þeirra. Dómstólar hafi talið það vera óhappatilvik þegar bleyta, svo sem rigningarvatn, hafi valdið slysi, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 31. maí 2018 í máli nr. 583/2017. Dómstólar hafi einnig, við mat á því hvort um óhappatilvik hafi verið að ræða, litið sérstaklega til ómöguleika og þess að ekki sé unnt að koma í veg fyrir öll óhöpp sem verði, jafnvel þótt fyllsta öryggis sé gætt og háttæmisreglum fylgt. Það sé t.d. ógjörningur fyrir starfsmenn að fylgjast svo vel með að unnt sé að bregðast við í öllum tilvikum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 13. febrúar 2014 í máli nr. 614/2013.
 - 45 Byggja stefndu á því að ógerningur sé að fylgjast öllum stundum með því hvort tiltekið magn af rigningarvatni sé í rennibraut og geti valdið því að hætta skapist, eða fylgjast með kyrrstæðum leikkastala og gæta hvers einasta einstaklings sem fer í rennibrautina. Hundruð þúsunda gesta heimsæki Fjölskyldu- og húsdýragarðinn ár hvert. Árið 2019, þegar óhappið kom til, hafi gestir garðsins verið orðnir rúmlega 100 þúsund talsins, og það einungis fyrri hluta árs. Ekki sé óvarlegt að ætla að það árið hafi í kringum 200 þúsund gestir heimsótt garðinn. Af þessum fjölda hafi enginn tilkynnt óhapp eða slys í rennibrautinni, þrátt fyrir að úrkomudagar það árið hafi verið 219 talsins eða 2/3 hlutar úr ári.
 - 46 Stefndu telja tölfræðina skipta máli við mat á líkum á því að slys verði í leiktækjum sem þessum og þegar litið sé til þess fjölda sem starfsmenn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins þyrftu að hafa eftirlit með. Tölfræðin sýni að hættan hafi verið hverfandi, en meinta sök starfsmanna Reykjavíkurborgar, sem eigi að felast í aðgæsluleysi þeirra, verði að meta með hliðsjón af því hversu líklegt það væri að slys myndi henda.
 - 47 Stefndu benda einnig á að dómaframkvæmd sýni að skoða beri hvort aðstæður hafi verið varasamar umfram það sem almennt megi búast við á þeim árstíma er slysið varð. Sé þá litið til bæði veðurfars og birtuskilyrða, sbr. dóm Landsréttar frá 4. mars 2022 í máli nr. 641/2020. Hér hafi aðstæður verið þannig að snjór hafi verið á vettvangi og lítil dagsbirta, eins og algengt sé í lok desember á Íslandi. Stefnandi sé Íslendingur og ætti því ekki að vera ókunn veðurfarsaðstæðum og birtuskilyrðum á

Íslandi, þar sem hún var búsett þegar óhappið varð. Hinn 28. desember 2019 hafi veður verið fjarri því að teljast óvenjulegt miðað við árstíma. Meðalhitastig yfir daginn hafi verið 3,6 gráður og úrkomumagn 8,8 mm. Sólskin hafi verið 0 stundir yfir daginn, sem sýni að myrkur hafi verið umræddan dag. Miðað við að það hafði rignt og léleg birtuskilyrði hefði stefnanda átt að vera ljóst að við þessar aðstæður bæri að sýna varkárni.

- 48 Þá telja stefndu að ekki verði litið framhjá því að stefnandi hafi ekki fylgt varúðarmerkingum á rennibrautinni og notað hana, þrátt fyrir að Reykjavíkurborg hefði gert allt sem eðlilegt má teljast til að gera grein fyrir því að rennibrautin væri ekki ætluð fullorðnum. Þegar litið sé til alls framangreinds, verði að ganga út frá því að ekkert hafi gefið stefnda Reykjavíkurborg tilefni til að ætla að hætta stafaði af notkun rennibrautarinnar þegar slysið varð.
- 49 Jafnframt verði að miða við að stefnandi hafi mátt vita að óvarlegt væri að renna sér niður blauta rennibraut, sem hönnuð sé fyrir börn og ætluð börnum. Eigið aðgæsluleysi stefnanda hafi því leitt til óhapps hennar, enda engin óvænt hætta eða ófyrirséðar aðstæður fyrir hendi, sérstaklega í ljósi árstíðar og þess að um var að ræða rennibraut, með hefðbundið útlit, sem finnist á róluvöllum víða um land. Stefnandi sé fullorðinn einstaklingur, sem hefði átt að geta gert sér grein fyrir öllum aðstæðum á vettvangi. Því hafi verið um hreint óhappatilvik að ræða, sem engum verði gert að bera skaðabótaábyrgð á að lögum.
- 50 Stefndu byggja á því, telji dómurinn að ekki sé um hreint óhappatilvik að ræða, að áhættutaka stefnanda leiði til brottfalls bótaréttar hennar og því beri að sýkna stefndu. Tjón stefnanda sé að rekja til háttsemi hennar sjálfrar og hennar eigin ákvarðana. Hún verði því að bera tjón sitt sjálf, sbr. meginreglur hins almenna skaðabótaréttar um að menn beri tjón sitt sjálfir vegna eigin sakar og áhættutöku.
- 51 Vísa stefndu til þess að áhættutaka hafi verið skilgreind svo að þar undir falli þau tilvik þegar tjónþola hafi verið ljós sú áhætta sem hann hafi tekið, en hann hafi samt lagt sig eða hagsmuni sína í hættu. Stefnandi hafi verið 28 ára gömul er hún hafi tekið þá ákvörðun að renna sér niður rennibrautina, þótt merkingar hafi tekið fram að hún væri aðeins ætluð börnum, og það enn fremur augljóst af eðli og umbúnaði hennar. Stefnandi hafi haft fullan þroska og vit til að meta aðstæður sjálf og taka um það ákvörðun hvort hún, fullorðinn einstaklingur, renndi sér niður rennibraut, við

aðstæður sem hún var sjálf í bestri aðstöðu til að meta hvort væru öruggar eða ekki. Hún hafi tekið þá meðvituðu áhættu að renna sér þrátt fyrir bleytu, en henni gat ekki dulist að rennibrautin yrði sleipari fyrir vikið og því hættulegri.

- 52 Stefnu byggja jafnframt á 13. kapítula Mannhelgisbálks Jónsbókar frá 1281, en þar segir: „Nú gengr maðr til leiks, fangs eða skinndráttar at vilja sínum, þá ábyrgist hann sik sjálf at öllu, þó at hann fái mein eða skaða af.“ Ákvæðið sé enn gildandi í landslögum. Það eigi sérstaklega við í málinu, jafnhliða reglum um áhættutöku. Um sé að ræða sérstakt ákvæði, sem í reynd sé fólgið í réttarreglum og meginreglum seinni tíma um áhættutöku, en fangi sérstaklega atvik þar sem einstaklingar gangi sjálfviljugir til leiks. Af ákvæðinu leiði að stefnandi skuli bera tjón sitt sjálf að fullu.
- 53 Stefnu byggja á því, óháð öðru, að stefnandi eigi að bera tjón sitt sjálf, í heild eða að hluta, vegna eigin sakar og meðábyrgðar. Tjón hennar megi rekja til gáleysis hennar er hún ákvað að renna sér niður margnefnda rennibraut við framangreindar aðstæður. Stefnandi hafi með öðrum orðum ekki sýnt þá varkárni sem ætlast mátti til af henni sem fullorðnum einstaklingi.

Niðurstaða

- 54 Eins og áður segir varð stefnandi fyrir líkamstjóni 28. desember 2019 er hún renndi sér niður rennibraut í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Var hún í kjölfarið flutt á sjúkrahús með sjúkrabíl. Af læknisfræðilegum gögnum, sem frammi liggja í málinu, má ráða að stefnandi hafi við þetta hlotið samfallsbrot á tólfta brjóstþryggjarbol.
- 55 Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð B bæklunarskurðlæknis er varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda vegna slyssins 16%. Verður samkvæmt því að fallast á það með stefnanda að nægilega hafi verið í ljós leitt að skilyrði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um lögvarða hagsmuni sé uppfyllt eins og hér stendur á, jafnvel þótt þessa mats hafi verið aflað af öðru tilefni.
- 56 Þá kemur það, að mati dómsins, ekki í veg fyrir að málið verði tekið til efnislegrar úrlausnar að rangur maður hafi verið tilgreindur sem fyrirvarsmaður stefnda VÍS í stefnu, enda mætti stefndi VÍS við þingfestingu málsins og tók í kjölfar þess til efnislegra varna í málinu, sbr. 4. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

- 57 Máltilbúnað stefnanda verður sömuleiðis að skilja á þann veg að byggt sé á því að stefndi Reykjavíkurborg beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda, sem hafi orðið vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna borgarinnar. Stefndi VÍS beri ábyrgð á líkamstjóni stefnanda sem vátryggjandi Reykjavíkurborgar, þar sem Reykjavíkurborg hafi haft ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá VÍS.
- 58 Skilmálar nefndrar ábyrgðartryggingar liggja ekki frammi í málinu en skilja verður máltilbúnað aðila þannig að verði fallist á það með stefnanda að stefndi Reykjavíkurborg beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda falli það tjón undir skilmála nefndrar tryggingar, sem þá leiði til greiðsluskyldu stefnda VÍS. Hefur því ekki verið mótmælt af stefndu og vörnum þeirra hagað með tilliti til þess.
- 59 Stefnandi byggir mál sitt á sakarreglu íslensks skaðabótaréttar og reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Skilyrði þeirra reglna eru þau að tjón megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi annars aðila, eða manna sem hann ber ábyrgð á. Þá verður tjónið að hafa verið sennileg afleiðing af háttseminni. Tjónþoli, stefnandi í þessu tilviki, ber sönnunarbyrði um að framangreind skilyrði séu uppfyllt.
- 60 Með vísan til þess sem rakið er hér að framan verður að fallast á það með stefnanda að sannað sé að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni er hún renndi sér niður rennibraut í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum 28. desember 2019. Á hinn bóginn er ekki hægt að fallast á að sannað sé að slys stefnanda megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna stefnda Reykjavíkurborgar eða að tjón hennar hafi verið sennileg afleiðing af slíkri háttsemi starfsmanna borgarinnar.
- 61 Líkt og stefndu hafa bent á og andstætt því sem fram kemur í stefnu, þá voru eftir því sem best verður séð merkingar á því leiktæki sem rennibrautin var hluti af, sem gáfu til kynna að leiktækið væri ætlað fyrir börn, eldri en þriggja ára. Mátti stefnanda því vera ljóst að leiktækið væri byggt með börn í huga og ætlað fyrir börn, en ekki fyrir fullorðna. Er þar af leiðandi ekki hægt að fallast á þá málsástæðu stefnanda að slysið hafi mátt rekja til þess að merkingum hafi verið ábótavant, enda er það ósannað með öllu.
- 62 Þá er ekki heldur hægt að fallast á að starfsmenn borgarinnar hafi sýnt af sér aðgæsluleysi með því að láta hjá líða að þurrka regnvatn úr rennibrautinni, sem stendur úti allan ársins hring, eða eftir atvikum með því að loka ekki rennibrautinni í ljósi aðstæðna. Verða slíkar kröfur ekki með sanngirni gerðar á hendur starfsmönnum

borgarinnar. Þá mátti stefnandi vita að á Íslandi er allra veðra von, ekki hvað síst í desember, og því mikilvægt að fara að öllu með gát. Þá er eigi heldur hægt að fallast á það með stefnanda að fyrri slys eða tjónasaga umrædds leiktækis hafi kallað á sérstakar aðgerðir af hálfu starfsmanna Reykjavíkurborgar.

- 63 Á sama hátt verður ekki séð að umrætt leiktæki sé hættulegra en sambærileg leiktæki eða að aðstæður umræddan dag hafi verið hættulegri en almennt gerist á þessum árstíma. Er að sama skapi ekki hægt að virða það starfsmönnum Reykjavíkurborgar til sakar að hafa ekki áttað sig á þeirri hættu sem til staðar var eða hættueiginleikum umrædds leiktækis. Verður þvert á móti ekki annað séð af gögnum málsins en að fyllsta öryggis hafi verið gætt, eins og kostur var og að teknu tilliti til aðstæðna.
- 64 Þá verður enn fremur ekki annað ráðið af gögnum málsins en að umrætt leiktæki hafi að öllu leyti fullnægt áskilnaði og kröfum íslenskra laga og reglna, þ.m.t. reglugerða, varðandi aðbúnað og öryggi, þ. á m. þeirra reglna sem vísað er til í stefnu. Eins er ekkert komið fram sem styður það að eftirliti með tækinu, þ.m.t. rennibrautinni, hafi verið ábótavant. Er samkvæmt því ósannað að tjón stefnanda hafi mátt rekja til skorts á eftirliti af hálfu starfsmanna stefnda Reykjavíkurborgar eða vegna þess að umrætt leiktæki hafi ekki fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskum lögum og reglugerðum til þess eða sambærilegra tækja.
- 65 Er samkvæmt öllu framangreindu ósannað að tjón stefnanda megi rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi starfsmanna stefnda Reykjavíkurborgar, sem og að tjónið hafi verið sennileg afleiðing slíkrar háttsemi. Verður stefnandi að bera halla af þeim sönnunarskorti í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Þá verður ekki séð að neinu breyti um ábyrgð stefndu eða úrlausn málsins þótt umrætt leiktæki sé staðsett á svæði þar sem innheimtur er aðgangseyrir.
- 66 Ekki er heldur hægt að fallast á að reglur um skaðabótaábyrgð fasteignareiganda eigi við um slys eða tjón stefnanda, enda verða hvorki slysið né tjónið rakið til fasteignar stefnda Reykjavíkurborgar. Umrætt leiktæki og þar með rennibrautin telst vera lausafjármunur í skilningi laga en ekki fasteign. Koma reglur um skaðabótaábyrgð fasteignareiganda þegar af þeirri ástæðu ekki til frekari skoðunar í málinu.
- 67 Að öllu virtu verður að telja að líkamstjón stefnanda 28. desember 2019 megi rekja til óhappatilviljunar, sem engum verður kennt um, þ.m.t. hvorki Reykjavíkurborg eða starfsmönnum hennar né stefnda VÍS eða aðilum sem VÍS ber ábyrgð á.

- 68 Er þegar af framangreindum ástæðum hvorki grundvöllur til að fallast á skaðabóta-
ábyrgð stefnda Reykjavíkurborgar á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um
vinnuveitandaábyrgð, né á grundvelli reglunnar um skaðabótaábyrgð fasteignar-
eiganda. Leiðir það jafnframt til sýknu stefnda VÍS, sem váttryggingarfélag stefnda
Reykjavíkurborgar. Verða báðir stefndu því sýknaðir af kröfum stefnanda.
- 69 Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í málinu, þannig að hver aðili
um sig beri sinn kostnað af málinu, sbr. 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.
- 70 Stefnandi nýtur sem fyrr segir gjafsóknar í málinu, sbr. gjafsóknarleyfi, dags. 25.
nóvember 2022. Samkvæmt því greiðist allur gjafsóknarkostnaður hennar úr
ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmans hennar, Hrafnkels Odda
Guðjónssonar, sem þykir hæfilega ákveðin 1.728.000 krónur, að teknu tilliti til
tímayfirlits lögmansins. Er sú þóknun ákveðin án virðisaukaskatts, í samræmi við
dómvenju, sbr. úrskurð Landsréttar frá 22. janúar 2019 í máli nr. 7/2019.
- 71 Af hálfu stefnanda flutti málið Hrafnkell Oddi Guðjónsson lögmaður.
- 72 Af hálfu stefndu flutti málið Telma Sif Reynisdóttir lögmaður.
- 73 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Reykjavíkurborg og Váttryggingafélag Íslands hf., eru sýknir af kröfum
stefnanda, A, í málinu.

Málskostnaður fellur niður á milli aðila.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. er málflut-
ningsþóknun lögmans hennar, Hrafnkels Odda Guðjónssonar, 1.728.000 krónur.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson